Suðureyri þann 14 október 2020.

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1.
400, Ísafirði.
B.t umhverfis og eignasviðs.

**Beiðni um leyfi til að fá að fóstra skúr sunnan við Aðalgötu 47, Suðureyri.**

Ég undirritaður Sigurjón Andri Guðmundsson kt. 070963-5829 íbúi við Aðalgötu 47, Suðureyri óska eftir því að fá til afnota skúr sem staðsettur er sunnan við Aðalgötu 47, Suðureyri. Skúrinn er í brekku í um það bil 50 metra loftlínu frá fasteigni minni og eiginkonu minnar sem er áðurnefnd Aðalgata 47, Suðureyri. Skúr þessi hefur lengi verið þaklaus og var síðast notaður sem súrheyturn fyrir mörgum árum. Sjálfur tel ég að ástand skúrsins bjóði upp á slysahættu þar sem börn hafa oft á tíðum verið við leik í kringum hann og gjarnan verið að klifra upp á hann. Ljóst er að enginn færi upp úr þessari gryfju nema með stiga væri hann niðri í honum. Því hef ég hugleitt að koma á hann þaki strax þetta haustið. Flatarmál skúrsins (utanmál) er 2,5metrar x 2,0 metrar.

Skúr þessi er ekki í eigu nokkurs aðila en landsvæðið er í eigu Ísafjarðarbæjar. Því óska ég eftir því að ganga til samninga við Ísafjarðarbæ um að fá afnot af þessum skúr með samningi til 15 ára með tvíhliða uppsagnarákvæði. Önnur tímalengd kemur einnig til greina af minni hálfu.

Bréfi þessu fylgja ljósmyndir sem ég tók af skúrnum og ofan í hann.

*Virðingarfyllst,*

*Sigurjón Andri Guðmundsson.*



Hér má sjá skúrinn fyrir miðju á myndinni.



Umræddur skúr fyrir miðju á myndinni.



Skúrinn ljósmyndaður frá austri.



Mynd tekin ofan í gryfjuna.



Mynd sem sýnir að hluta til niður í gryfjuna og vestari stafn.



Skúrinn ljósmyndaður til norðuts.